
Ættarlaukurinn

1. árg.

október 1994

1. tbl.

Frá ritstjóra

Með þessu blaði hefur nýtt rit gaungu sína og er því ætlað að koma í stað Ættar-
póstsins sem margir munu minnst með ánægju og kanski eftirsjá. Lesendum til
huggunar skal strax tekið fram að *Laukurinn* mun feta dyggilega í slóð
fyrirrennara síns. Blaðinu er áfram ætlað að vera *rödd ættarinnar* — og
vonandi verður það ekki bara rödd ritstjórans.

Rými í blaðinu er að vísu nokkuð takmarkað meðan það sníður sjer svo
þraungan stakk sem nú er efnaður. Þeir sem hug hafa á að láta ljós sitt skína í
Ættarlauknum þurfa því að meitla mál sitt eftir faungum og skal hjer bent á að
ferskeytluformið hentar þar mjög vel. Munum vjer með ánægju birta slík skrif
sje ekki um að ræða þrælslega byssustíngi svo sem oft hefur hent menn að nota
þegar þeir glíngra við þetta form. Limrur koma einnig til greina. Hinsvegar er
ekki að svo komnu neitt rúm fyrir lánga texta í lausu máli. Kjósi menn að tjá sig
á þann hátt eru sett ákvæði um orðafjölda og er nú miðað við 120 orð.

Ritstjóri væntir þess að góð samvinna takist við lesendur en næsta blað
kemur út í janúar eða febrúar 1995.

SKÓGARGERÐISMÓT 22. – 23. JÚLÍ 1995

Lesið um það inni blaðinu

Skógargærðismót

22. og 23. júlí 1994

Einsog marga lesendur rekur vafalaust minni til hafa ættarmót verið haldin á fimm ára fresti. Voru það eindregin tilmæli gesta á *Ættarmóti 1985* að svo yrði gert enda þótti það afar vel lukkuð samkoma. Ekki dró úr vinsældum eftir *Skógargærðisdaga 1990*. Heyrðust þá jafnvel raddir um að halda slík mót á hverju ári.

Nú er semsje komið að því að halda ættarfagnað og munu margir hafa beðið þess með óþreyju. Þessari samkomu hefur verið ætlaður tími næstsíðustu helgi í júlímánuði á komandi sumri. Þá helgi býðst Skógargærðisættinni tækifæri til að blanda geði eftir fimm ára hlje.

Dagskrá mótsins hefur ekki verið ákveðin í smáatriðum en reiknað er með hefðbundnum framgáangi hennar. Ramminn hefur verið þessi:

1. Laugardagur 22. júlí:

Fólk safnast saman í Skógargærði og verður mótið sett þar um hádegisbil. Ekkert mælir gegn því að menn komi fyr á staðinn. Þarna í túninu er *Ættarflötin* og geta menn tjaldað þar ef þá lystir. Í Skógargærði er altaf opið hús á sumrin.

2. Sunnudagur 23. júlí:

Fyrri partur dagsins hefur reynst nokkuð vinsæll til hvíldar og mun svo enn verða. Eftir hádegi verður líklega boðið uppá ferð um Hjerað og um kvöldið verður lokahóf í Valaskjálfi á Egilsstöðum eða í einhverju öðru samkomuhúsi á Miðhjeraði

Hjer skal skýrt tekið fram að það er ættarinnar að sjá um skemtiatriði og er hjer með skorað á fólk að koma sem fyrst fram með hugmyndir sínar þar um.

Skógargerðisbók

Fyrir 10 árum var byrjað að huga að niðjatali Helga Indriðasonar og Ólafar Helgadóttur í Skógargerði. Hafa orðið mikil hlje á þeirri vinnu. Á síðastliðnum vetri var þetta efni tekið upp af festu og alvöru. Það verður gefin út **ættarbók** — og mun sú bók að öllum líkindum marka nokkur tímamót í sögu slíkra rita.

Í bókinni verður fjallað um þau Helga og Ólöfu sem hófu búskap í Skógargerði vorið 1882, fyrir röskri öld. Nokkur grein verður gerð fyrir ættum þeirra, sagt frá búskap þeirra og lífshlaupi.

Helgi og Ólöf eignuðust 7 börn sem til aldurs komust. Frá þeim er einnig sagt í bókinni, einkum uppvaxtar- og þroskaárum þeirra. Þau teljast öll til svokallaðrar **aldamótakynslóðar** og er fróðlegt að skyggjast um í hugarheimi þeirra nú þegar öldinni fer að ljúka. Mikið hefur varðveist af bréfum þessa fólks og sumt af því var vel hagamælt og ágætlega ritfært. Sýnishorn af ljóðum, brjefum og ýmsu öðru efni verða í bókinni. Auk þessa verður svo **niðjatal** þeirra Helga og Ólafar með hefðbundnum hætti.

Sl vetur var stofnað **ættarráð** til að hafa hönd í bagga með þessu verki. Þessir eiga sæti í ráðinu:

Anna Jóhannesdóttir Grandavegi 43, 107 Rvík. Sími: (91)627101

Helgi Hallgrímsson Glaðheimum 18, 104 Rvík. Sími: (91)34156

Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Rvík. Sími (91)625743

Margrét Indriðadóttir Karfavogi 40, 104 Rvík. Sími: (91)32522

Ólöf Þórhallsdóttir Skólastíg 3, 600 Akureyri. Sími: (96)24093

Starfsmenn við gerð bókarinnar eru þeir Indriði Gíslason og Örnólfur Thorsson. Stefnt er að því að bókin komi út fyrir ættarmótið á komandi sumri.

Um niðjatal

Gerð niðjatala er tafsöm nákvæmnisvinna þar sem laungum er erfitt að heimta öll kurl til grafar. Á þetta einkum við um þá sem tengjast ættinni (maka). Fylgt er þeirri reglu að nefna foreldra þeirra og geta fæðingardaga þeirra (og dánardaga ef það á við) svo og búsetu og starfs. Niðjatalið er komið vel á veg en þó eru enn lausir endar.

Hjer með er heitið á alla að sýna velvild og dugnað við söfnun gagna sem um kann að verða beðið. Ættarráð hefur umsjón með söfnun efnisins og eru menn hvattir til að hafa samband við fulltrúa sinn þar.

Rödd ættarinnar

Einsog fram hefur komið hér á undan var Skógargerðisætt laungum nokkuð iðin við vísnaverð og aðra ljóðasmíði. Og enn bregður ættin þessu fyrir sig einsog sjá má af eftirfarandi limru sem barst rjett í því að blaðið var að fara í prentun:

Að leita þess lands sem jeg erfði
er líklegt jeg drífa mig verði;
og ætlunin er að
aka' uppá Hjerað
á ættarmót í Skógargerði.

Ólafur Skúli Indriðason
staddur í USA

Óhætt er að taka undir með skáldinu og hvetja aðra til að láta frá sjer heyra.

Ættarlausurinn.

Ritstjórn: Indriði Gíslason (ábm) Barmahlíð 32, 105 Rvík. Sími (91) 625743.
Örnólfur Thorsson Tómasarhaga 27 Rvík. Sími (91) 21056.
Fulltrúar á Hjeraði: Dagný G. Sigurðardóttir Egilsstöðum. Sími (97) 11134.
Ragnhildur R. Indriðadóttir í Fellabæ. Sími (97) 11325.